

Yfirlýsing stjórnar Ríkisútvarpsins ohf. og menntamálaráðherra

Fylgir minnisblaði menntamálaráðherra til ríkisstjórnar 7. apríl 2009

Þegar Ríkisútvarpið ohf. var stofnað 1. apríl 2007 var eigið fé þess 879 milljónir króna, en skuldir voru 4.979 milljónir króna. Eigið fé félagsins hefur rýmað og var svo komið um síðustu áramót að eigið fé þess var orðið neikvætt um 361 milljón króna.

Stjórn Ríkisútvarpsins ohf. og menntamálaráðherra hafa komið sér saman um eftirfarandi aðgerðir til að bæta fjárhagsstöðu og rekstrargrundvöll Ríkisútvarpsins ohf. til næstu ára.

1. Menntamálaráðherra leggur til í ríkisstjórn að skuld við ríkissjóð að upphæð 562.801.384 króna í stofnefnahagsreikningi félagsins verði breytt í hlutafé. Menntamálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti leiði breytinguna til lykta fyrir apríl lok.
2. Aðilar eru sammála um að endurskoða samning Ríkisútvarpsins ohf. og menntamálaráðherra um útvarpsþjónustu í almannabágu frá 23. mars 2007. Við endurskoðunina verði skerpt á skilgreiningu og hlutverki almannþjónustuútvarps auk þess sem eftirlit með starfsemi og almannþjónustu Ríkisútvarpsins verði aukið í samræmi við 30. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins og reglugerð nr. 343/2006 um samninga um rekstrarverkefni sem ráðuneyti og ríkisstofnanir gera til lengri tíma en eins árs. Einnig verði gerðar breytingar á fjárreiðu- og eftirlitsákvæðum í þjónustusamningi.
3. Stjórn Ríkisútvarpsins ohf. mun endurskoða áætlanir um rekstur félagsins og gera ráðstafanir með það að markmiði að ná jafnvægi í rekstri á árunum 2009 og 2010. Þá verði leitast við að hagræðingaraðgerðir leiði ekki til frekari uppsagna starfsmanna.
4. Stjórn Ríkisútvarpsins ohf. hyggst endurskoða launauppbyggingu innan félagsins.
5. Lögð verði fram tillaga um breytingu á samþykktum félagsins á hluthafafundi með það að markmiði að auka faglega stefnumótun á sviði almannþjónustuútvarps, fjölmiðlunar, menningarmála og skyldra atriða.

Reykjavík, 6. apríl 2009